

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpa GaJa Álfsnes



Dags eftirlits	3.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpa GaJa	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs, Gaja, í Álfsnesi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.4)
3. Móttaka og skráning úrgangs (gr. 3.2)
4. Skráningar (gr. 4.1)
5. Önnur mál

Eftirlitið var fyrsta eftirlit með nýju starfsleyfi Gaja sem tók gildi 20. október sl. Vegna COVID19 var eftirlitið tvískipt, annarsvegar fór fram fjárfundur þar sem farið var yfir starfsleyfi Gaja og hinsvegar var farið í vettvangsheimsókn.

Í Gaja er heimilt að taka á móti allt að 30.000 tonnum á ári af lífrænum heimilisúrgangi og allt að 10.000 tonnum af fljótandi lífrænum heimilisúrgangi til gasvinnslu og jarðgerðar. Þann 21. júlí sl. fékk Sorpa undanþágu frá starfsleyfi til keyrslu á búnaði gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu, til að taka á móti 400 tonnum á viku af lífrænum úrgangi frá heimilum. Undanþágan náði til þess að framleiddur jarðvegsbætur yrði allt að 170 tonn á viku, framleitt lífgas 40 tonn á viku og framleitt metan í gashreinsistöð allt að 30.000 Nm á viku. Fram kom í eftirliti að starfsemi hefði hafist þann 6. ágúst sl. efnisstraumur hefði verið slitróttur en vinnsla væri í gangi. Um 17.770 tonn af úrgangi hafa komið til vinnslu í stöðinni. Við eftirlit var jarðgerð í gangi bæði í vinnslu- og þroskunarkróm en ekki var komið að því að molta væri tilbúin.

Rekstraraðili tilkynnti um mengunaráhapp þann 11. nóvember sl. þegar smávægilegur leki kom að meltuvatnsgeymi 1. Við eftirlit var unnið á viðgerðum á þeim geymi og meltuvatnsgeymir 2 því eingöngu í notkun.

Rætt var um fyrirætlanir rekstraraðila við móttöku og vinnslu á fljótandi lífrænum heimilisúrgangi og kom fram að rekstraraðili myndi geta tekið við þeim úrgangi fljótlega. Einnig er fyrirhugað að taka á móti þeim úrgangi sem áður fór í Gými og eru nánari útfærslur á því í vinnslu hjá rekstraraðila.

Farið var yfir þjálfun starfsmanna og lagði rekstraraðili fram gögn varðandi skipulag hennar.

Fram kom einnig að framkvæmdum vegna girðingar umhverfis athafnasvæði rekstraraðila væri lokið.

Farið var yfir verklag við móttöku og skráningu úrgangs, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi. Úrgangur er skráður inn í móttöku- og flokkunarstöð rekstraraðila í Gufunesi og eyrnamerkur til flutnings í Gaja eftir því sem við á.

Farið var í vettvangsferð í gas- og jarðgerðarstöðina, Vinnsla var í gangi og verið að setja af úrgang í eina vinnslukróna. Húsnæðið var allt skipulagt og snyrtilegt og ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.01.2021

Sigríður Magnúsdóttir